

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2023

Í Garðabæ hófust frjómælingar 23. mars og stóðu til 30. september, samtals í 192 daga. Mælingar gengu vel allt tímabilið.

Heildarfjöldi frjókorna var 1.431 frjó/m³ og er það vel undir meðaltali frjómælinga í Garðabæ (2. tafla). Tegundir sem helst valda frjókornaofnæmi á Íslandi eru grös, birki, súrur og ösp.

Frjókorn mældust frá 24 frjó- og gróhópum (1. tafla). Af þeim voru 780 grasfrjó (54,5%), 97 súrufrjó (6,8%), 42 birkifrjó (2,9%) og 7 asparfrjó (0,5%). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á, auk óþekktra, voru 505 (35%). Þar af voru furu- og grenifrjó 137 (9,6%). Algengast var að hver hópur væri um eða undir 1%.

Fyrsta frjókornið sem kom í gildruna 27. mars var af óþekktri tegund. Í apríl mældust fá frjókorn, aðallega lyngfrjó (15 frjó/m³) og víðifrjó (6 frjó/m³).

Asparfrjó mældust fyrst þann 30. apríl og voru í lofti til 11. maí. Þau voru óvenju fá, alls 7 frjó/m³, og hafa þau aðeins einu sinni áður mælst færri, árið 2014.

Birkifrjó hafa aldrei mælst jafn fá og í ár (42 frjó/m³), sem er stórlega undir meðaltali áranna 2011–2022 (616 frjó/m³). Fyrsta birkifrjóíð mældist 15. maí og mældust þau fram í miðjan júní. Hámark birkifrjóa var 4. júní (6 frjó/m³).

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2023, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Frjó/m ³
Gras	Poaceae	780
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	97
Birki	<i>Betula</i>	42
Ösp	<i>Populus</i>	7
Fura / greni	Pinaceae	137
Netla	<i>Urtica</i>	32
Lyng	Ericales	28
Stör	<i>Carex</i>	28
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	20
Maðra	<i>Galium</i>	18
Víðir	<i>Salix</i>	15
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	14
Yllir	<i>Sambucus</i>	12
Elfting	<i>Equisetum</i>	11
Sveipjurtaett	Umbelliferae	11
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	11
Sóley	<i>Ranunculus</i>	11
Rósaett	Rosaceae	7
Belgjurtir	Leguminosae	7
Sefætt	Juncaceae	7
Beitilyng	<i>Calluna</i>	3
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	2
Einir	<i>Juniperus</i>	1
Körfublóm	Acteraceae	1
Óþekkt/ógreind	incognito	129

Grasfrjó mældust frekar fá í ár.

Fyrsta grasfrjóíð kom í gildruna 13. júní. Þau mældust síðan alla daga til 25. ágúst að þremur dögum undanskildum, en lítið eftir það.

Heildarfjöldi grasfrjóa varð 780 frjó/m³ sem er vel undir meðaltali áranna 2011–2022 (1.311 frjó/m³). Mest var um grasfrjó í ágúst eða 359 frjó/m³. Í júní mældust einungis 62 frjó/m³, í júlí 348 frjó/m³ og 11 frjó/m³ í september.


Fimmtudaginn 27. júlí voru flest grasfrjókorn í lofti eða 56 frjó/m³.

Súrufrjó mældust fyrst 10. júní.

Alls mældist 97 súrufrjó/m³ sem er nálægt meðaltali sem er 106 frjó/m³, flest í júlí. Frjótalan fór hæst í 7 frjó/m³ þann 16. júlí.



Heildarfrjómagi í Garðabæ og skipting í helstu frjógerðir 2011–2023



1. mynd. Heildarfrjómagi og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2023.

Sumarið 2023 í Garðabæ var langt undir meðallagi hvað varðar heildarfrjómagi og alla mánuði mældust frjókorn undir meðaltali (2. tafla).

Frjóríkasti mánuður sumarsins var júlí (582 frjó/m³) en september var sá rýrasti (23 frjó/m³). Mars er ekki talinn með, enda aðeins mælt frá 23. mars.

Frjókorn mældust í lofti flesta daga frá 19. apríl og fram í september. Að meðaltali voru rúmlega sjö frjókorn í hverjum rúmmetra andrúmslofts í Garðabæ. Það er mun minna en í meðalári (tæplega 16 frjó/m³) og hefur aldrei áður mælt jafn lítið. Hæsta samanlögð frjótala mældist 20. júní (81 frjó/m³) og fór hún einungis fjórum sinnum yfir 50 frjó/m³.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var vorið (apríl og maí) hlýtt um land allt og úrkomusamt í Reykjavík. Um sumarið (júní til september) voru meðalhiti og sólskinsstundir á höfuðborgarsvæðinu yfir meðallagi en úrkoma rétt undir meðallagi, miðað við síðustu þrjátíu ár. Ágúst var hlýjasti mánuðurinn, júní mjög blautur og óvenju þungbúinn en júlí óvenjulega þurr en mjög sólríkur.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2023 og meðaltal árunna 2011–2022.

Mánuður	2023	Meðaltal
Mars	5	5
Apríl	28	50
Maí	45	295
Júní	330	1.162
Júlí	582	901
Ágúst	418	434
September	23	52
Samtals	1.431	2.896

Í október 2023,
Ellý Guðjohnsen

